

Alþingi
Erindi nr. P 141/1022
komudagur 12.12.2012

Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. desember 2012

Efni: Frumvarp til stjórnskipunarlaga, 415. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 29. nóvember sl., þar sem auglýst er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp.

UNICEF Ísland sat fund velferðarnefndar þann 28. nóvember sl. til þess að ræða sérstaklega um 12. gr. frumvarpsins um réttindi barna. Í samræmi við beiðni nefndarinnar vinnur UNICEF Ísland nú að skriflegri umsögn um skýringar við ákvæðið, í samvinnu við Umboðsmann barna.

UNICEF Ísland lýsir yfir mikilli ánægju með 12. gr. frumvarpsins. Um er að ræða ákvæði sem inniheldur mikilvæg grundvallarréttindi barna, sem ekki hafa áður notið stjórnarskrárverndar hér á landi. UNICEF hefur ávallt lagt mikla áherslu á að réttindum barna sé gert hátt undir höfði hér á landi og með því að innleiða ákvæði 12. greinar frumvarpsins verður það gert. Á undarförnum árum hefur það færost í vöxt í einstökum ríkjum að börnum sé veitt sérstök vernd í stjórnarskrám. Ef umrætt ákvæði verður samþykkt mun Ísland verða leiðandi í þeirri þróun og vera meðal þeirra ríkja sem tryggja réttindi barna hvað best í stjórnarskrá. UNICEF Ísland hefur einnig í starfi sínu ávallt lagt áherslu á að fá fram skoðanir barna á þeim málefnum sem þau varða og er ákvæðið því sérdeilis ánægjulegt fyrir þær sakir að efni þess má að hluta til rekja til tillagna barna og ungmenna, sem tóku þátt í þingi ungmennaráða *Stjórnög unga fólksins*, sem UNICEF, umboðsmaður barna og Reykjavíkurborg stóðu fyrir vorið 2011.


24. gr. frumvarpsins um menntun kveður á um að lengra sé gengið en í núgildandi stjórnarskrá og sérstaklega er kveðið á um að menntun barna, þ.e. þeirra sem skólaskylda nær til, skuli tryggð án endurgjalds. UNICEF fagnar þessu nýja ákvæði en gerir þó athugasemd við 4. mgr. greinarinnar sem kveður á um að virða skuli ákvarðanir foreldra um að uppeldi og menntun barna þeirra sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir foreldranna.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn) var samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989 og er hann nú útbreiddasti mannréttindasamningur heims. Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum foreldra sinna. Það þýðir m.a. að börn njóta

skoðana- og trúfrelsis og eftir því sem þau eldast og þroskast eiga skoðanir þeirra sjálfra að fá aukið vægi, í þeim málefnum er þau varðar.

UNICEF Ísland hefur áhyggjur af 4. mgr. frumvarpsins vegna þess að ákvæðið samræmist ekki þeirri þróun sem Barnasáttmálinn hefur haft á skilning fólks á réttindum barna. UNICEF Ísland telur mikilvægt að endurskoða orðalag 4. mgr. 24. gr frumvarpsins með réttindi barnsins að leiðarljósi. Vísar UNICEF Ísland í því samhengi til Barnasáttmálans þar sem í 1. mgr. 12. gr. segir „Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska“ og einnig til 2. mgr. 14. gr Barnasáttmálans sem vísar í skyldu aðildarríkis til að virða rétt og skyldur foreldra til að veita barni leiðsögn við að beita rétti sínum til frjálsrar hugsunar, sannfæringar og trúar á þann hátt sem samræmist vaxandi þroska þess.

Virðingafyllst



Stefán Ingi Stefánsson,

Framkvæmdastjóri UNICEF Ísland